

10. janúar 1977.

1

Nr. 1.

FORSETABRÉF

um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda mánudaginn 24. janúar 1977 kl. 14.00.

Gjört í Reykjavík, 10. janúar 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Geir Hallgrímsson.

4. mars 1977.

Nr. 2.

AUGLÝSING

um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands nr. 76/1958 með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 4. mars 1977 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breytingu á reglugerð nr. 76, 17. júní 1958, fyrir Háskóla Íslands með áorðnum breytingum.

1. gr.

51. gr. a verði 51. gr.

Við 51. gr. bætist 5. tl., er nefnist námsnefndir og hljóði svo:

Við hverja kennslugrein skal starfa ráðgefandi námsnefnd, sem jafnmargir kennarar og stúdentar eiga sæti í. Kennarar, þar með taldir stundakennarar, og stúdentar í hverri grein kjósa fulltrúa hvor í sínu lagi í upphafi hvers námsárs.

Hlutverk námsnefnda er:

- að gera tillögur til deildarráðs um námsefni í hverri grein að höfðu samráði við greinarkennara,
- að gera tillögur til deildarráðs um skiptingu kennslugreina í prófþætti og mat þeirra til eininga, ennfremur í hvaða röð prófþættir skulu teknir og hverjir þeirra séu skyldunámsefni í kennslugrein,
- að semja umsagnir um tillögur, er þeim berast og varða bæði kennara og stúdentar og lúta að námsskipan viðkomandi greinar,
- að skipuleggja námsráðgjöf.

A 1